



Minjasafn Austurlands
Ársskýrsla 2022

© Minjasafn Austurlands.

Öll réttindi áskilin.

Forsíðumynd: Frá sýningu François Lelong í Minjasafni Austurlands

Útgefandi: Minjasafn Austurlands.

Ritstjóri og ábyrgðarmaður útgáfu: Elsa Guðný Björgvinsdóttir.

Höfundar efnis: Elsa Guðný Björgvinsdóttir.

Egilsstaðir, 2023.

Efnisyfirlit

Formáli	3
1. Inngangur	4
2. Starfsmannamál	4
3. Störf stjórnar	4
4. Opnunartímar og aðgangseyrir	5
5. Rekstur og fjármál	5
6. Styrkir	6
7. Afhendingar, skráning, varðveisla, útlán, söfnun	6
7.1 Afhendingar og skráningar	6
7.2 Útlán gripa og notkun í útgáfu	6
7.3 Kjarvalshvammur.....	7
7.4 Skráning gripa í Lindarbakka á Borgarfirði eystri.....	8
8. Gestafjöldi og heimsóknir	9
9. Húsnæðismál.....	9
9.1 Viðbygging við Safnahús	9
10. Sýningar, viðburðahald og önnur miðlun	10
10.1 Grunnkýning	10
10.2 Uppáhaldsgripir starfskenna safnsins.....	10
10.3 Páskagleði í Safnahúsinu	11
10.4 Ógnvaldar: Bardagaaðferðir víkinga.....	11
10.5 Sumarsýning: Hreindýradraugur #3.....	12
10.6 Gersemar Fljótsdals	13
10.7 Farskóli.....	14
10.8 Álfkonudúkurinn.....	15
10.9 Nýjustu fræði og vísindi - Fyrirlestrarröð.....	15
10.10 Dagar myrkurs.....	16
10.11 Jólasýning og jólaviðburður	16
10.12 Miðlun á vef	18
11. Markaðssetning og fjölmiðlaumfjallanir	18
12. Safnfræðsla	19
12.1 Skólaheimsóknir	19
12.2 BRAS: Rýnt í álfkonudúkin og fleira	19
12.3 Samstarf við Tjarnarskóg og Hádegishöfða.....	20
12.4 Hauksbókarsjóður	21
13. Samstarf, símenntun, starfshópar og fleira	21
13.1 Ráðstefnur, starfshópar og hagsmunabaráttu	21
13.2 Fræðsluferð	22
13.3 Námskeið í myndatöku og vinnslu á því við myndum	22
13.4 Aðild að félögum.....	23
13.5 Ljósmyndasafn Austurlands	23
14. Lokaorð.....	23

Formáli

Þegar þetta er skrifað, á vormánuðum 2023, berast fregnir af sveitarfélögum sem hafa brugðist við aðsteðjandi fjárhagsvanda með því að endurskoða rekstur safna og annarra menningarstofnana. Stærstu sveitarfélög landsins hafa jafnvel farið þá leið að leggja niður heilu stofnanirnar og færa verkefni þeirra annað. Farið er í aðgerðirnar í kjölfar ráðgjafar utanaðkomandi aðila sem hafa verið fengnir til að rýna í fjárhag sveitarfélaganna og finna leiðir til sparnaðar. Gildi menningar fyrir samfélög virðist þó ekki alltaf tekið með í reikninginn þegar þessi mál er skoðuð og svo virðist sem í sumum tilfellum sé skilningurinn á eðli og starfsemi menningarstofnana lítill sem enginn. Peningar sem settur eru í menningu eru flokkaðir sem tapað fé. En er það svo?

Til hvers eru söfn? Af hverju ættu sveitarfélög að verja fé í slíkar stofnanir? Söfn varðveita menningararfinn og gera almenningi kleyft að nálgast hann og skoða í sinni heimabyggð. Þau efla þannig staðarvitund og skilning íbúa á eigin sögu. Þau skapa vettvang fyrir skóla á öllum skólastigum til að nýta menningararfinn í sinni kennslu og opna þannig dyr milli yngri kynslóða og þeirra eldri. Þau eru staður fyrir fjölbreytta viðburði fyrir alla aldurshópa. Þau eru vettvangur samveru og samskipta, heimildaöflunar og rannsókna, fræðslu og leikja. Síðast en ekki síst eru þau mikilvægir innviðir þegar kemur að því að taka á vel móti ferðamönnum sem heimsækja viðkomandi svæði enda eru söfn meðal þriggja helstu staða sem erlendir ferðamenn kjósa að heimsækja á ferðum sínum um landið.

Söfn og menningarstofnanir eru einn þeirra fjölmörgu þátta sem gera borgir, bæi, þorp og sveitir ákjósanlega staði til að búa á. Menningin verður ekki mæld í krónum og aukum en sveitarfélög sem ekki hlúa að menningarstofnunum sínum eru fátækari fyrir vikið og þau ættu að stíga varlega til jarðar þegar umræðan berst að því að gera á þeim róttækar breytingar og skerða um leið lífsgæði íbúa sinna. Sveitarfélögin á Austurlandi virðast gera sér grein fyrir þessu en í nýsamþykktu svæðisskipulagi Austurlands fyrir árin 2022-2024 er mikilvægi safna ítrekað. Þar kemur m.a. fram að „[viðurkennd] söfn á Austurlandi verði eflað þannig að þau geti staðið vörð um menningararf svæðisins og sinnt af metnaði öllum grunnþáttum safnastarfs, þ.e. söfnun, varðveislu, skráningu, rannsóknum og miðlun.“ Vonandi ganga þessi fyrirheit eftir og söfn á Austurlandi haldi áfram sinna sínum mikilvægu verkefnum samfélaginu til heilla.

Elsa Guðný Björgvinsdóttir, safnstjóri

1. Inngangur

Árið 2022 var viðburðaríkt og fjölbreytt hjá Minjasafni Austurlands. 25. febrúar var öllum samkomutakmörkunum vegna covid-19 aflétt og í kjölfarið fóru hjól safnsins smátt og smátt að snúast með eðlilegum hætti. Viðburðahald og safnfræðsla komust í eðlilegt horf þegar líða tók á árið en hvoru tveggja hafði ekki verið svipur hjá sjón á meðan heimsfaraldurinn geisaði. Mörg verkefni sem frestað hafði verið vegna covid-19 komust loks í framkvæmd og aftur var hægt opna sýningar að viðstöddu fjölmenni. Þá jókst gestafjöldinn jafnt og þétt ekki síst vegna þess að fleiri hópar úr skemmtiferðaskipum lögðu leið sína á safnið en undanfarin ár.

2. Starfsmannamál

Litlar breytingar urðu á starfsmannamálum safnsins á árinu. Elsa Guðný Björgvinsdóttir var áfram safnstjóri í 100% starfi; Beata Brodowska gegndi stöðu sérfræðings á sviði varðveislu í 100% starfi og Eyrún Hrefna Helgadóttir var í 80% stöðu sérfræðings á sviði fræðslu og miðlunar. Eyrún fór í leyfi í maí og leysti Hanna Christel Sigurkarlsdóttir hana af í 70% starfi frá og með september. Rannveig Lóa Haraldsdóttir var sumarstarfsmaður á safninu frá byrjun maí til loka ágúst og sinnti hún gestamóttöku og öðrum tilfallandi verkefnum. Þá starfaði starfsmaður á vegum vinnuskóla Múlaþings í Safnahúsinu hluta úr sumri og sinnti ýmsum tilfallandi verkefnum á öllum söfnum.

3. Störf stjórnar

Stjórn safnsins var óbreytt framan af ári. Hana skipuðu þær Ásdís Helga Bjarnadóttir (formaður), Kristjana Björnsdóttir (varaformaður), Sigrún Blöndal (ritar) og Sigríður Þráinsdóttir fyrir Múlaþing og Þórdís Sveinsdóttir fyrir Fljótsdalshrepp. Varamenn voru Jónína Brynjólfssdóttir, Dagur Skírni Óðinsson og Björn Aðalsteinsson fyrir Múlaþing og Gunnar Jónsson fyrir Fljótsdalshrepp.

Í kjölfar sveitastjórnarkosninga í maí var ný stjórn skipuð við safnið. Hana skipa nú Björn Ingimarsson (formaður), Vilhjálmur Jónsson (ritari), Rannveig Þórhallsdóttir og Jóhanna Magnusson fyrir Múlaþing og Þórdís Sveinsdóttir (varaformaður) fyrir Fljótsdalshrepp. Varamenn eru Berglind Svavarsdóttir, Jónína Brynjólfssdóttir, Hulda Sigurdís Þráinsdóttir og Jóhann Hjalti Þorsteinsson fyrir Múlaþing og Gunnar Jónsson fyrir Fljótsdalshrepp.

Stjórnirnar komu tvisvar saman á árinu og eru fundargerðir hennar aðgengilegar á vef Minjasafnsins.

4. Opnunartímar og aðgangseyrir

Opnunartími safnsins var óbreyttur á árinu. Yfir vetrartímamann var safnið opið þriðjudaga til föstudaga frá klukkan 11:00 til 16:00. Í júní, júlí og ágúst var opið alla daga frá kl. 10:00-18:00. Allt árið var tekið á mótí hópum utan auglýsts opnunartíma væri þess óskað. Aðgangseyrir var einnig óbreyttur á árinu. Almennt verð fyrir fullorðna var 1.500 kr. en frítt fyrir börn yngri en 18 ára. Námsmenn, öryrkjar og eldri borgarar greiddu 1.000 kr. Þá var handhöfum Austurlands-appsins veittur 30% afsláttur af miðaverði.

5. Rekstur og fjármál

Rekstrartekjur Minjasafnsins á árinu 2022 voru rúmar 38,4 milljónir. Þar af voru framlög aðildarsveitarfélaga til reksturs safnsins tæplega 32,5 milljónir sem var í samræmi við áætlun. Styrkir til sérverkefna (önnur rekstrarframlög) námu 3,4 milljónum króna. Aðgangseyrir var rúmlega 2,5 milljónir en áætlun gerði ráð fyrir 1,5 milljónum. Samtals gerði áætlun ráð fyrir 34 milljónum í rekstrartekjur en styrkir til sérverkefna eru ekki inni í þeirri tölu

Heildarrekstrargjöld ársins 2022 námu samkvæmt ársreikningi tæpum 50,4 milljónum en áætlun hafði gert ráð fyrir tæpum 46 milljónum. Þar af voru laun og launatengd gjöld 27 milljónir sem var í samræmi við áætlun. Tekið skal fram að gjöld vegna sérverkefna eru inni í tölunni um rekstrargjöld í ársreikningi en þau voru ekki tekin með í fjárhagsáætlun.

Rekstrarniðurstaða ársins 2022 var neikvæð upp á tæpar 11,9 milljónir sem er í samræmi við áætlun. Tapið skýrist af gjaldfærðri húsaleigu vegna Laufskóga 1 en umsamið kaupverð á fasteigninni (sem Fljótsdalshérað keypti árið 2013) greiðist með endurgjaldslausum afnotum Minjasafnsins af húsnæðinu. Ekki varð tap af hefðbundnum rekstri. Nánari upplýsingar um fjármál safnsins árið 2022 er að finna í ársreikningi sem aðgengilegur er á vef safnsins.

6. Styrkir

Minjasafnið fékk samtals 4.250.000 kónum úthlutað í styrki til ýmissa verkefna á árinu. Safnfræðsluverkefni safnsins í tengslum við BRAS, menningarhátíð barna og ungmenna á Austurlandi fékk 500.000 kr. úr Uppbyggingarsjóði Austurlands, 400.000 kr. úr Safnasjóði og 250.000 kr. frá Múlapingi (sjá kafla 12.2). Uppbyggingarsjóður veitti safninu 500.000 kr. til miðlunar í Kjarvalshvammi og Múlaping veitti 100.000 kr. í sama verkefni (sjá kafla 7.3). Þá fékk safnið 400.000 kr. úr Húsafriðunarsjóði til áframhaldandi endurbóta á sumarhúsi Kjarvals í hvamminum. Safnasjóður veitti safninu 300.000 kr. símenntunarstyrk sem var nýttur í fræðsluferð starfsfólks á suðvesturhorn landsins (sjá kafla 13.2). Að síðustu fékk safnið 1.000.000 kr. úr Safnasjóði og 800.000 kr. úr Uppbyggingarsjóði til að kanna forsendur fyrir sameiginlegri varðveislumiðstöð á Austurlandi í samstarfi við önnur söfn í fjórðungnum. Vinna við það verkefni fór lítillega af stað á árinu en færðist annars yfir á árið 2023.

7. Afhendingar, skráning, varðveisla, útlán, söfnun

Umsýsla safnkostsins var sem fyrr eitt af meginverkefnum Minjasafnsins enda er safnkosturinn sú stoð sem öll önnur starfsemi safnsins hvílir á. Starfsfólk safnsins vann að því alla daga að skrá og ljósmynda gripum sem afhentir voru á safnið, bæta eldri skráningar, meta ástand safnkostsins og bæta varðveisluskilyrði.

7.1 Afhendingar og skráningar

Safnið tók á móti 80 gripum á árinu sem komu til safnsins í 18 afhendingum. Meðal þess sem safnið tók á móti var fjöldi gripa frá Galtastöðum fram í Hróarstungu, dýralæknaáhöld úr eigu Jóns Péturssonar fyrrum héraðsdýralæknis og gripir úr verslun og búi Pálinu Þorbjörnsdóttur Waage á Seyðisfirði. Allir gripirnir sem bárust safninu voru ljósmyndaðir og skráðir í menningarsögulega gagnasafnið Sarp. Hægt er að nálgast upplýsingar um þá og aðra gripum sem varðveittir eru á Minjasafni Austurlands á Sarpur.is.

7.2 Útlán gripa og notkun í útgáfu

Munir sem áður höfðu verið teknir til sýninga utan Minjasafnsins voru það áfram á árinu. Munir sem tilheyrðu Vigfúsi Sigurðssyni frá Egilsstöðum í Fljótisdal voru áfram til

sýnis á Óbyggðasetrinu í Fljótsdal, Heilbrigðisstofnun Austurlands á Egilsstöðum sýndi muni sem tengjast heilbrigðisþjónustu á Fljótsdalshéraði í biðstofu sinni og munir frá Minjasafninu voru til sýnis á Sómastöðum í Reyðarfirði en húsið tilheyrir húsasafni Þjóðminjasafns Íslands. Einnig voru munir frá Minjasafninu áfram til sýnis í Fjarðarselsvirkjun á Seyðisfirði á vegum Rarik og nokkrir munir á Eiðum á vegum Eiðavina.

7.3 Kjarvalshvammur

Minjasafn Austurlands hefur umsjón með sumarhúsi Jóhannesar Sveinssonar Kjarval sem stendur í landi Ketilsstaða í Hjaltastaðapinghá. Frá árinu 2018 hefur safnið staðið fyrir viðhaldi og endurbótum á húsinu og hélt sú vinna áfram á árinu. Sem fyrr var það Björn Björgvinsson húsasmíðameistari sem hafði umsjón með verkinu. Í fyrsta áfanga verkefnisins, árið 2018, var húsið híft af undirstöðum sínum, eldri undirstöður fjarlægðar og nýjar forsteyptar einingar settar undir húsið í staðinn auk þess sem gert var við fótstykki, gólf og burðarvirki í gólfi. Sumarið 2019 var unnið að viðgerð á langhliðum hússins og stafni að baka til. Skipt var um fótstykki og hluta af stoðum vegna fúa. Í þriðja áfanga framkvæmdanna, árið 2020, var haldið áfram með ytra byrði hússins. Meðal annars var skipt um þakplötur og þær færðar til upprunalegs horfs. Á árinu 2021 var lokið við að endurbyggja og styrkja framstafn hússins. Útiklæðning var fúavarin og máluð. Á árinu 2022 var nýrri hurð og gluggum komið fyrir í húsinu og lokið við frágang þakkanta og málun. Sem fyrr var lögð áhersla á að breyta ekki ásýnd hússins á nokkurn hátt en markmiðið með framkvæmdunum er fyrst og fremst að koma í veg fyrir frekari skemmdir og tryggja varðveislu hússins til framtíðar. Við húsið stendur einnig bátaskýli sem geymir Gullmávin, bát Kjarvals. Þegar fram líða stundir þarf að huga að nauðsynlegum endurbótum á því auk þess að endurhugsa miðlun og upplýsingagjöf í hvamminum.




Sumarhús Kjarvals í júlí 2022. Mynd: EGB

Eins og fram kom í kafla 6 hlaut Minjasafnið styrki úr Uppbyggingarsjóði Austurlands og frá Múlapingi til að bæta upplýsingamiðlun í Kjarvalshvammi en því

verkefni var frestað til næsta árs. Ástæðan fyrir því var að á árinu 2022 stóru yfir miklar vegaf framkvæmdir í Hjaltastaðapinghá sem m.a. breyttu aðkomu almennings að Hvamminum. Ráðlegt þótti að bíða með að bæta miðlun í hvamminum þar til þessum framkvæmdum væri lokið og vinna það samhliða stígagerð og öðru sem viðkemur aðkomunni að húsunum.

7.4 Skráning gripa í Lindarbakka á Borgarfirði eystri



Skýrslan sem var afrakstur fyrir hluta skráningar- verkefnisins á Lindarbakka. Mvnd: EHH.

Verkefni sem fólst í skráningu gripa sem tilheyra húsinu Lindarbakka á Borgarfirði eystri hélt áfram á árinu. Forsaga þess verkefnis er sú að árið 2020 hlaut Minjasafnið styrk í gegnum byggðapróunarverkefnið Betri Borgarfjörður til að skrá muni hússins en Elísabet Sveinsdóttir (Stella), fyrrverandi eigandi hússins, afhenti þáverandi Borgarfjarðarhreppi húsið til eignar það ár. Í framhaldi af því var ákveðið að Minjasafn Austurlands myndi skrá muni hússins og fór fyrir hluti þeirrar vinnu fram árið 2021. Annar styrkur fékkst í gegnum fyrrnefnt byggða-

próunarverkefni til að ljúka seinni hluta verkefnisins sem fólst í að skrá gripum sem varðveittir eru í skemmu sem tilheyrir húsinu. Sú vinna fór fram á árinu 2022. Skráningarnar voru settar saman í tvær skýrslur sem meðal annars liggja frammi í Lindarbakka svo gestir og gangandi geti glöggvað sig á gripunum sem þar eru og jafnvel bætt við upplýsingum og auk þess var hægt að fylgjast með framgangi verkefnisins á samfélagsmiðlum. Eyrún Hrefna Helgadóttir, starfskona Minjasafns Austurlands hafði umsjón með verkefninu fyrir hönd safnsins.

Lindarbakki var byggður árið 1899 og eru hlutar hússins enn upprunalegir. Stella og eiginmaður hennar heitinn, Skúli Ingvarsson, keyptu húsið árið 1979 og nýttu sem sumardvalarstað. Lindarbakki er fyrir löngu orðið eitt helsta kennileiti á Borgarfirði enda er húsið mikil bæjarprýði.

8. Gestafjöldi og heimsóknir

Á árinu 2022 heimsóttu 3726 manns Minjasafn Austurlands þegar allt er talið. Er það töluverð fjölgum frá því árið áður þegar heildarfjöldi gesta safnsins var 2130 gestir.

Árið 2022 voru almennir gestir safnsins tæplega 2890 talsins en voru 1500 árið áður. Þar af voru erlendir ferðamenn 1840 (1721 fullorðnir og 119 börn) en voru 792 árið 2021. Innlendir gestir voru rúmlega 1040 á árinu 2022 (611 fullorðnir og 433 börn) en voru 700 árið 2021. Gestafjöldinn sumarið 2022 var jafnframt töluvert meiri en árin fyrir heimsfaraldur. Helsta ástæðan

er fjölgun erlendra ferðamanna sem skýrist af því að mun fleiri hópar úr skemmtiferðaskipum heimsóttu safnið en áður. Um 730 manns úr 11 skipum heimsóttum safnið á árinu og hafa aldrei verið fleiri. Sú þróun er afar ánægjuleg og nú þegar ljóst að framhald verður á henni næsta sumar.

Rúmlega 740 börn fengu fræðslu frá safninu á árinu og þeim fylgdu 100 kennarar. Er það umtalsverð fjölgun frá fyrra ári þegar nemendurnir voru 540 og hélst hún í hendur við afléttingar sóttvarnaraðgerða. Nánar er fjallað um fræðslustarfsemi safnsins í kafla 12.

9. Húsnæðismál

Húsnæðismál safnsins voru að mestu óbreytt ár árinu að öðru leyti en því að safnið flutti úr varðveislurými sem það leigði af Múlaþingi að Tjarnarási 9 á Egilsstöðum yfir í rými við Smiðjuseil í Fellabæ sem einnig er í eigu Múlaþings. Safnahúsið var áfram meginvettvangur allrar starfsemi safnsins.

9.1 Viðbygging við Safnahús

Undirbúningur að nýrri viðbyggingu við Safnahúsið hélt áfram á árinu. Forsaga málsins teygir sig aftur til ársins 1999 þegar þáverandi ríkisstjórn ákvað að leggja fé til



Gestir úr skemmtiferðaskipi skoða sýningar safnsins. Mynd: EGB

uppbyggingar menningarhúsa á landsbyggðinni. Árið 2016 var skrifað undir viljayfirlýsingu milli ríkis og Fljótshéraðs þess efnis að féð yrði nýtt í uppbyggingu Sláturhússins annars vegar og Safnahússins hins vegar. Lítið varð um framkvæmdir næstu árin en í maí 2018 dró til tíðinda að nýju þegar undirritaður var samningur sem fól í sér stofnframlag til fyrrnefndrar uppbyggingar á menningarhúsunum tveimur. Á árinu 2020 var skipuð byggingarnefnd yfir verkefnið og framkvæmdir hófust í Sláturhúsinu. Framkvæmdum í Sláturhúsinu lauk haustið 2022 og í kjölfarið er gert ráð fyrir að undirbúningur að framkvæmdum við Safnahúsið fari á fullt skrið.

10. Sýningar, viðburðahald og önnur miðlun

Sýninga- og viðburðahald Minjasafnsins komst á réttan kjöl á árinu eftir samkomutakmarkanir árána á undan. Dagskráin var fjölbreytt og samanstóð m.a. af sýningum úr safnkosti, sýningum í samstarfi við listamenn, margvíslegum smiðjum, opnum húsum með fjölbreyttri afþreyingu fyrir börn og fjölskyldur, fyrirlestrum og fleiru.

10.1 Grunnsýning

Grunnsýning Minjasafnsins var óbreytt á árinu. Sýningin var sem fyrr tvískipt, annars vegar er þar um að ræða sýninguna Sjálfbær eining og hins vegar sýninguna Hreindýrin á Austurlandi. Á fyrrnefndu sýningunni er leitast við að sýna hvernig hvert íslenskt sveitaheimili þurfti að vera sjálfu sér nægt um brýnustu lífsnauðsynjar og þar eru til sýnis gripir sem tilheyra sögu gamla sveitasamfélagsins á Austurlandi eins og það var fram undir miðja 20. öld. Á sýningunni Hreindýrin á Austurlandi, sem opnuð var árið 2015 er fjallað um lífshætti og lífsbaráttu hreindýranna, hættunar sem þau búa við af náttúru- og mannavöldum, rannsóknir á þeim, sögu hreindýraveiða og hvernig afurðir dýranna hafa verið nýttar í matargerð, handverki og hönnun.

10.2 Uppáhaldsgripir starfskvenna safnsins

Örsýning með uppáhaldsgripum starfskvenna safnsins var sett upp í sýningarskáp á þriðju hæð Safnahússins. Allar þrjár starfskonur safnsins völdu nokkra gripi sem eru í sérstöku uppáhaldi hjá þeim og voru þeir sýndir ásamt hugleiðingum starfskvennanna um þá. Gripirnir voru afar fjölbreyttir og mátti m.a. finna þar ópalpakka, spengdar skálar, kökubox Kjarvals og fleira.

10.3 Páskagleði í Safnahúsinu

Minjasafnið og Bókasafn Héraðsbúa stóðu saman fyrir páskagleði í Safnahúsinu á þriðjudegi og miðvikudegi í dymbilviku. Á þriðjudeginum var boðið upp á perlusmiðju á Bókasafninu þar sem gestum og gangandi gafst kostur á að perla páskaskraut. Á miðvikudeginum var boðið upp á óhefðbundna páskaeggjaleit á Minjasafninu þar sem leita átti að pappírs páskaeggjum og botna málshætti og orðtök. Viðburðirnir voru vel sóttir af börnum og fjölskyldum í páskafríi.



Egg í páskaeggjaleit Minjasafnsins. Mynd: EGB

10.4 Ógnvaldar: Bardagaaðferðir víkinga



Dr. William R. Short fjallar um bardagaaðferðir víkinga í fyrirlestri í Safnahúsinu Mynd: EGB

Á vormánuðum heimsóttu dr. William R. Short og Reynir A. Óskarsson, félagar í Hurstwic hópnum, Safnahúsið og héldu þar fyrirlestur um rannsóknir sína á bardagaaðferðum víkinga. Farið var yfir einstakar rannsóknaraðferðir hópsins en þær hafa leitt til athyglisverðra og óvæntra niðurstaðna. Með rannsóknum sínum vilja þeir félagar varpa betra ljósi á víkingaaldarsamfélagið sem á margan hátt var afar ofbeldisfullt en á sama tíma var mikil áhersla á gildi eins og samhjálp og gestrisni. Rannsóknir á vopnum og bardagaaðferðum eru að þeirra mati einn af lykilþáttunum til þess að geta skilið þessa menningu. Minjasafnið og Héraðsskjalasafn Austfirðinga stóðu saman að komu þeirra félaga og var fyrirlesturinn einkar vel sóttur.

10.5 Sumarsýning: Hreindýradraugur #3

Sumarsýning Minjasafns Austurlands árið 2022 bar yfirskriftina Hreindýradraugur #3. Þar sýndi franskur listamaðurinn François Lelong verk sín sem innblásin eru af hreindýrum og náttúru Austurlands en í vinnu sinni skoðar François samspil og tengingar milli hreindýra, manna og annarra lífvera í náttúrunni. Sýningin fléttaðist saman við aðra grunnsýningu safnsins, Hreindýrin á Austurlandi, og myndaði þannig skemmtilegt samspil milli sögu, menningararfs og samtímalistar. Í tengslum við uppsetningu sýningarinnar dvaldi François á Héraði í listamannadvöl á vegum Minjasafnsins og vann að nýjum verkum sem sett voru upp á sýningunni. Segja má að sýningin hafi átt óvenju langan aðdraganda en til stóð að François myndi setja upp sýningu í safninu sumarið 2020 en heimsfaraldurinn kom í veg fyrir það eins og margt annað.

Sýningin stóð út september og vakti mikla athygli gesta. Nemendum Hallormsstaðaskóla og listnámsbrautar Menntaskólans á Egilsstöðum var boðið upp á listamannaspjall með listamanninum í tengslum við BRAS sem nánar er sagt frá í kafla 12.2



Efst: Listamaðurinn François Lelong vinnur að nýjum verkum í listamannadvöl á vegum safnsins.

Fyrir miðju: Listamaðurinn við eitt verka sinna á opnun sýningarinnar.

Til vinstri: Sýningin Hreindýradraugur #3 kallaðist á við aðra grunnsýningu safnsins, Hreindýrin á Austurlandi.

Myndir: EGB

10.6 Gersemar Fljótsdals



Hönnunarsmiðjan Gersemar Fljótsdals hófst með fyrirlestrum í Safnahúsinu þar sem þátttakendur voru leittir inn í viðfangefnið. Mynd: EGB

Minjasafn Austurlands kom ásamt fleiri aðilum að hönnunarsmiðjunni Gersemar Fljótsdals sem fram fór í september en markmið hennar var að draga fram sérstöðu svæðisins í hönnun og þróun handverks. Frumkvæðið að smiðjunni kom frá samfélagsverkefninu Fögur framtíð í Fljótsdal en að því komu einnig Safnbúð Þjóðminjasafns Íslands, Handverk og hönnun og Hús handanna. Smiðjan var hugsuð sem

vettvangur fyrir listafólk, handverksfólk og hönnuði, faglærða sem ófaglærða, til að þróa hugmyndir að listmunum sem byggja á sérstöðu svæðisins og með áherslu á að nýta hráefni úr héraði. Þátttakendum gafst kostur á fá innblástur frá svæðinu og góð ráð frá sérfræðingum á sviði handverks, hönnunar og minjagripagerðar.

Smiðjan hófst á fyrirlestrum í Minjasafni Austurlands þar sem þátttakendur voru leiddir inn í viðfangsefnið með kynningum á náttúru og sögu svæðisins auk þess sem sem sýndir voru munir úr Fljótsdal sem Minjasafnið varðveitir. Þaðan var haldið í Hús handanna þar sem þátttakendur fengu að skoða það sem þar er í boði. Daginn eftir skoðuðu þátttakendur Valþjófsstaðakirkju og Snæfellsstofu auk þess að vinna að hugmyndum sínum í vinnustofum undir handleiðslu reyndra ráðgjafa. Margar góðar hugmyndir litu dagsins ljós og var það í höndum þátttakenda að þróa þær áfram. Nokkrar hugmyndir voru síðan kynntar á sýningu í Végarði í lok nóvember.

10.7 Farskóli



Þátttakendur í Farskóla FÍSOS samankomnir á Hallormsstað. Mynd: EGB


Eitt stærsta verkefni Minjasafns Austurlands á árinu 2022 var þátttaka í skipulagningu og framkvæmd Farskóla FÍSOS sem fram fór á Hallormsstað dagana 21.-23. september. Um 120 manns sóttu viðburðinn sem er árleg fagráðstefna safnafólks, haldin af Félagi íslenskra safna og safnmanna. Ráðstefnan hefur verið haldin víðsvegar um land í gegnum tíðina og ætíð í samstarfi við heimafólk á hverjum stað. Að þessu sinni höfðu starfsfólk

Minjasafns Austurlands, Tækniminjasafns Austurlands og Safnastofnunar Fjarðabyggðar veg og vanda af skipulagningunni í góðu samstarfi við FÍSOS.

Ráðstefnan fór fram á Hótel Hallormsstað og er óhætt að setja að skógurinn hafi skartað sínu fegursta þessa haustdaga. Á ráðstefnunni, sem bar yfirskriftina Söfn á tímamótum, voru haldin fjölbreytt erindi og málstofur þar sem þátttakendur ræddu og fræddust um það sem efst er á baugi í safnageiranum, hér á landi og í útlöndum. Meðal umfjöllunarefna á ráðstefnunni voru starfsumhverfi framtíðarinnar, menningarmiðlun á nýjum tímum, umhverfismál, aðgengis- og jafnréttismál, óáþreifanlegur menningararfur, fræðslumál, varðveisla báta, hönnunarhugsun í safnastarfi, fagefning safna, ný safnaskilgreining ICOM, varðveisla ljósmynda, kynningarstarf og grisjun safnkosts. Þá var farið í skoðunarferð á Seyðisfjörð þar sem þátttakendurnir fengu að skoða aðstæður hjá Tækniminjasafni Austurlands og fræðast um þau stóru verkefni sem safnið hefur staðið frammi fyrir í kjölfar skriðufallanna 2020. Þá var einnig litið við í Safnahúsinu á Egilsstöðum og Hallormsstaðaskóli og Skógræktin á Hallormsstað heimsótt auk þess sem þátttakendum gafst kostur á að líta við í Sláturhúsinu sem var einmitt formlega opnað eftir endurbætur á sama tíma og Farskólinn fór fram. Venju samkvæmt fór aðalfundur FÍSOS líka fram við þetta tækifæri auk þess sem blásið var til árlegrar árshátíðar safnafólks. Ráðstefnan tókst afar vel og almenn ánægja ríkti meðal gesta. Næsti Farskóli fer fram í Amsterdam í Hollandi að ári.

10.8 Álfkonudúkurinn

Í nóvember opnaði sýningin Rýnt í álfkonudúkinn í sýningarsal Minjasafnsins. Á sýningunni mátti sjá afrakstur vinnu grunnskólanemenda á Austurlandi sem fram fór í tengslum við BRAS 2022. Þar fengu nemendur fræðslu um álfkonudúkinn frá Bustarfelli og unnu í kjölfarið skapandi verkefni innblásið af dúknum. Nánar er fjallað um verkefnið í kafla 12.2.



Frá sýningunni Rýnt í álfkonudúkinn. Mynd: EGB

10.9 Nýjustu fræði og vísindi - Fyrirlestrarröð

Á árinu tóku sex fræða- og menningarstofnanir á Austurlandi höndum saman um að koma á fót fyrirlestrarröð sem hlaut yfirskriftina Nýjustu fræði og vísindi. Markmið hennar var skapa vettvang fyrir fræðafólk sem starfar í landshlutanum og þau sem stunda rannsóknir á austfirskum viðfangsefnum annars staðar á landinu, til að miðla niðurstöðum sínum til íbúa fjórðungsins. Að fyrirlestraröðinni standa auk Minjasafnsins: Gunnarsstofnun á Skriðuklaustri, Hallormsstaðaskóli, Héraðsskjalasafn Austfirðinga, Sögufélag Austurlands og Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Austurlandi. Fyrstu tveir fyrirlestrar raðarinnar fóru fram á árinu. Fyrri fyrirlesturinn fór fram í október þegar Erla Hulda Halldórsdóttir, prófessor í sagnfræði við Háskóla Íslands, fjallaði um rannsóknir sínar á bréfasafni Páls Pálssonar frá Hallfreðarstöðum sem oft var nefndur skrifarinn á Stapa. Seinni fyrirlesturinn fór fram í Hallormsstaðaskóla í nóvember en þar fjallaði Eyjólfur Eyjólfsson þjóðfræðingur um rannsóknir sínar á sviði óáþreifanlegs menningararfs. Fyrirlestrarnir voru sendir út í beinu streymi á netinu og nálgast má upptökur af þeim á Youtube rás Skriðuklausturs.

10.10 Dagar myrkurs



Fyrir á öldum tíðkaðist að skera andlit í rófur í byrjun vetrar. Þessar útskornu rófur tóku á móti gestum Safnahúsins í tilefni af Dögum myrkurs. Mynd: EGB

Minjasafnið tók þátt í byggðahátíðinni Dögum myrkurs, sem fram fór á öllu Austurlandi dagana 31. október til 6. nóvember, með því að bjóða upp á lengri opnunartíma, ratleik um safnið og föndurhorn.

Ratleikurinn tengdist ástríðuáhugamáli Íslendinga í gegnum tíðina þ.e. veðri og veðurspám. Þátttakendur fengu að kynna því hvernig formæður og -feður okkar lásu í umhverfið sitt til að spá fyrir um veður og alls kyns hjátrú sem spratt fram í kjölfarið. Í ratleiknum voru vísbendingar gefnar annars vegar í formi teikninga fyrir yngri börnin og hins vegar textaformi fyrir þau eldri um muni í sýningarsalnum sem tengjast með beinum eða

óbeinum hætti trú manna um fyrirboða veðurs.

Bókasafn Héraðsbúa tók þátt í viðburðinum með því að bjóða m.a. upp á svokallaða "Brake out" þraut en hún fólst í því að opna læstan kassa með því að leysa þrautir og finna vísbendingar sem leyndust um allt hús. Einnig gátu gestir fönndrað og litað grímur og kynnt sér orð sem tengjast snjó. Fjöldi fólks lagði leið sína í húsið og gaman að sjá börn og fullorðna gefa sér góðan tíma til að njóta samverunnar í Safnahúsinu.

10.11 Jólasýning og jóla viðburður

Fjölbreytt dagskrá var á Minjasafninu og í Safnahúsinu í aðdraganda jóla. Jólasýning safnsins var að þessu sinni tileinkuð Grýlu en auk fróðleiks um hana og hennar hyski reis gríðarmikill Grýluhellir í sýningarsal safnsins þar sem gestir gátu farið inn og virt fyrir sér hýbýli hennar. Þar gat meðal annars að líta fleti Grýlu, pottinn hennar stóra og föt að ógleymdum hrísvendinum sem hún notar til að flengja jólasveinana. Þá voru jólagafir fyrri tíma sýndar í sýningarskápnunum á þriðju hæð Safnahússins.

Í byrjun aðventu blésu Minjasafnið og Bókasafnið til sameiginlegrar jólasamveru sem um 100 manns sóttu. Þar var hægt að leita uppi jólasveina í sýningarsal

Minjasafnsins, kíkja inn í Grýluhellinn, fönðra jólas kraut og hlusta á jólasögur. Síðast en ekki síst var boðið upp á kertasmiðju þar sem gestir gátu skreytt kerti undir handleiðslu Guðrúnar Sigurðardóttur.

Skólum var boðið upp á sérstakar jólaheimsóknir þar sem nemendur fengu fræðslu um þá hluti og athafnir sem jólasveinarnir draga nöfn sín af auk þess sem þeim gafst kostur á að líta inn í helli Grýlu. Um 220 nemendur heimsóttu safnið á aðventunni en nánar er fjallað um safnfræðslu safnsins í kafla 12.



Mikið var um að vera á safninu í desember.
Til vinstri: Skólahópur í jólaheimsókn
Fyrir ofan: Jólagjafasýning Minjasafnsins
Niðri til vinstri: Litið inn í Grýluhellinn
Niðri til hægri: Inni í Grýluhellinum.
Myndir: EGB



10.12 Miðlun á vef

Minjasafnið stóð fyrir margvíslegri miðlun á vef og samfélagsmiðlum safnsins og stöðugt er leitað leiða til að efla hana. Liðurinn Gripur mánaðarins hélt áfram á árinu en þar er einn gripur úr safnkosti safnsins settur í sviðsljósið í hverjum mánuði. Í tengslum við alþjóðlega safnadaginn í maí birtist grein á vef safnsins þar sem fjallað var um mátt safna til fræðslu en yfirskrift dagsins var Mikill er máttur safna. Starfskonur Minjasafnsins tóku yfir Instagram reikning FÍSOS í aðdraganda Farskóla safnmanna sem haldinn var hér austanlands í september (sjá kafla 10.7). Í aðdraganda



Hressir jólaálfar fóru mikinn um Safnahúsið á aðventunni. Sýnt var frá prakkarastrikum þeirra í jóladagatali á samfélagsmiðlum safnanna í húsinu. Mynd: EGB

jóla var einnig mikið um að vera á vefmiðlum safnsins. Söfnin í Safnahúsinu voru með sameiginlegt jóladagatal á samfélagsmiðlum sínum þar sem hrekkjóttir jólaálfar voru myndaðir við ýmsa vafasama iðju á söfnunum. Þá tók Minjasafnið einnig þátt í jóladagatali FÍSOS þar sem einn jólalegur gripur birtist á samfélagsmiðlum félagsins frá 1. desember og fram að jólum. Síðast en ekki síst birtist nýr greinaflokkur á vef safnsins á aðventunni undir yfirskriftinni Jólahefðir héðan og þaðan. Þar fjallaði Hanna Christel Sigurkarlsdóttir, starfskona safnsins, um jólahefðir annarra landa með viðtölum við íbúa Austurlands af erlendum uppruna.

11. Markaðssetning og fjölmiðlaumfjallanir

Sýningar og viðburðir Minjasafnsins voru auglýstir með margvíslegum hætti. Safnið var m.a. auglýst í Kompási, Safnabókinni, Vegahandbókinni og á götukorti af Egilsstöðum og Fellabæ auk þess sem auglýsingar voru birtar á Facebook og víðar. Safnið var einnig hluti af sameiginlegu auglýsingaátaki safna í útvarpsauglýsingum RÚV og auglýsti þar einnig á eigin vegum. Þá var safnið eitt af söfnum vikunnar í þættinum Sumarmálum á Rás 1 og sjónvarpsstöðin N4 gerði einnig innslag um safnið. Allir viðburðir á vegum safnsins voru kynntir á vef og Facebook-síðu safnsins.

12. Safnfræðsla

Segja má að safnfræðslan hafi komist aftur í eðlilegt horf á árinu eftir að heimsfaraldurinn hafði sett hana töluvert úr skorðum árin á undan. Samstarf við leikskólana á Egilsstöðum og í Fellabæ hélt áfram, grunnskólum var boðið upp á skapandi smiðjur í tengslum við BRAS, menningarhátíð barna og ungmenna á Austurlandi og ýmislegt fleira.

12.1 Skólaheimsóknir

Rúmlega 740 nemendur heimsóttu Minjasafnið á árinu eða fengu fræðslu á vegum safnsins innan sinna skóla. Það er töluverð fjölgun frá árinu áður þegar þessi tala var 540. Nemendur leikskóla voru 215, nemendur grunnskóla 485 og nemendur framhaldsskóla voru 44. Þessum nemendum fylgu um 100 kennarar. Sem fyrr komu langflestir nemendur úr skólunum á Fljótshálsa og frá þeim skólum sem næst eru safninu. Þá kom einn nemandi úr Brúarásskóla í starfskygningu á safninu.

12.2 BRAS: Rýnt í álfkonudúkinn og fleira

Sem fyrr bauð Minjasafn Austurlands grunnskólum á sínu starfssvæði upp á smiðjur í tengslum við BRAS, menningarhátíð barna og ungmenna á Austurlandi, þar sem unnið var með menningararfinn með skapandi hætti. Að þessu sinni snérist verkefnið um álfkonudúkinn frá Bustarfelli sem varðveittur er á Þjóðminjasafni Íslands. Minjasafnið útvegaði námsefni um dúkinn sem kennarar lögðu fyrir nemendur og í kjölfarið heimsótti myndlistarkonan Anna Andrea Winther skólana með útsaumssmiðju þar sem nemendur saumuðu út laufblöð innblásin af dúknum. Að því loknu voru öll laufblöðin saumuð saman í einn stóran álfkonudúk barna frá Austurlandi sem síðan var settur upp á sýningu í Minjasafninu (sjá kafla 10.8).



Álfkonudúkur austfirskra grunnskólabarna
Mynd: EGB

Öllum grunnskólum í Múlaþingi var boðið upp á smiðjuna og þáðu Brúarásskóli og Djúpavogsskóli tilboðið. Auk þess var Vopnafjarðarskóla og Breiðdals- og Stöðvarfjarðarskóla boðið að fá smiðjuna til sín og þáðu báðir skólar það. Markmið verkefnisins var að kynna álfkonudúkinn og sögu hans fyrir nemendum í gegnum skapandi vinnu með starfandi listafólki. Jafnframt að vekja athygli nemenda á merkjum gripum frá Austurlandi sem varðveittir eru á Þjóðminjasafni Íslands. Þetta er í annað sinn sem Minjasafn Austurlands stendur fyrir verkefni þar sem merkir gripir frá Austurlandi eru kynntir fyrir nemendum með þessum hætti en árið 2021 bauð safnið upp á smiðjur þar sem rýnt var í Valþjófsstaðahurðina.

Sumarsýning safnsins, Hreindýradraugur #3, var einnig nýtt í tengslum við BRAS en nemendum á listnámsbraut Menntaskólans á Egilsstöðum og Hallormsstaðaskóla boðið upp á leiðsögn um sýninguna með listamanninum François Lelong. Þar fengu nemendur einstaka innsýn inn í vinnu listamannsins og tækifæri til að spjalla við hann um verkin hans, efnivið og innblástur.

12.3 Samstarf við Tjarnarskóg og Hádegishöfða



Nemendur frá leikskólanum Tjarnarskógi í einni af sínum fjórum heimsóknunum á safnið veturinn 2022-2023 Mynd: EGB

Safnið hélt áfram samstarfi sínu við leikskólann Tjarnarskóg á Egilsstöðum en það felst í því allir nemendur úr næstelsta árgangi skólans koma í fjórar heimsóknir á safnið yfir veturinn. Í hverri heimsókn er tekið fyrir ákveðið þema, þ.e. húsakynni fólks í gamla daga; klæðnaður, matur og leikir barna. Í heimsóknunum er lögð áhersla á að kynna fyrir nemendum þær umgengnisreglur sem gilda á söfnum og leyfa þeim að snerta og prófa sjálf eins og hægt er. Þá hefur skapast sú hefð að safnkennari safnsins heimsæki leikskólana Hádegishöfða í Fellabæ og Tjarnarland á Egilsstöðum á bóndadag og bjóði þar upp á fræðslu um þorrann, hefðir í kringum hann og fleira.

12.4 Hauksbókarsjóður

Hauksbókarsjóður, sem er í umsjá Minjasafnsins og Bókasafns Héraðsbúa, veitti eins og undanfarin ár nemendum sem útskrifuðust af listnámsbraut Menntaskólans á Egilsstöðum hvatningarverðlaun sjóðsins. Sjóðurinn er minningarsjóður um Hauk Stefánsson listmálara frá Rjúpnafelli í Vopnafirði og er hlutverk hans að efla myndlist á Austurlandi með viðurkenningum og bókagjöfum. Á árinu 2022 útskrifaðist einn nemandi af listnámsbraut Menntaskólans á Egilsstöðum. Það var Telma Rán Viðardóttir og fékk hún að gjöf bókina Haukur Stefánsson, sem gefin var út af fjölskyldu listamannsins í tilefni af sýningu á verkum hans í Listasafninu á Akureyri árið 1995.

13. Samstarf, símenntun, starfshópar og fleira

Starfskonur safnsins sóttu margvíslega fundi og ráðstefnur á árinu auk þess að sitja í nokkrum nefndum og starfshópum. Safnið átti í margvíslegu samstarfi, t.d. á vettvangi ýmissa félaga, um símenntun starfsfólks, rekstur ljósmyndasafns og fleira.

13.1 Ráðstefnur, starfshópar og hagsmunabarátta.

Safnstjóri Minjasafnsins átti sæti í nokkrum stjórnnum og starfshópum á árinu og tók jafnframt þátt í fundum og ráðstefnum fyrir hönd safnsins. Safnstjóri sat til dæmis áfram sem varaformaður í stjórn FÍSOS, Félags íslenskra safna og safnmanna og var áfram annar tveggja fulltrúa Safnaráðs í Minjaráði Austurlands sem heyrir undir Minjastofnun. Þá sat safnstjóri áfram í ritnefnd Múlapings og í samráðshópi um Daga myrkurs sem skipaður var í kjölfar málþings um framtíð hátíðarinnar árið 2019. Vinnuhópur um framtíð Tækniminjasafns Austurlands lauk störfum á árinu með útgáfu á nýrri stefnu safnsins en safnstjóri hafði átt sæti í honum frá því hópurinn var settur á laggirnar árið 2020. Þá tóku fulltrúar safnsins sæti í vinnuhópi um framkvæmd BRAS, menningarhátíð barna og ungmenna á Austurlandi. Safnstjóri kynnti fræðslustarf safnsins á fundi um safnamál sem haldinn var á vegum Austurbrúar í mars og fjallaði ásamt safnstjóra Tækniminjasafns Austurlands um fyrirhugaða forkönnun á sameiginlegu varðveisluhúsnæði safna á Austurlandi á ráðstefnu á vegum Safnaráðs, FÍSOS og ICOM sem haldin var í maí. Þá sendu fulltrúar Minjasafns Austurlands og Tækniminjasafns Austurlands sameiginlegar athugasemdir við Svæðisskipulag Austurlands sem unnið var að á árinu og ítrekuðu þar mikilvægi safna og safnastarfs fyrir fjórðunginn.

13.2 Fræðsluferð

Í mars slógust starfskonur Minjasafns Austurlands í för með starfsfólki Tækniminjasafns Austurlands og Safnastofnunar Fjarðabyggðar og fóru með þeim í vel heppnaða fræðsluferð á suðvesturhorn landsins. Tilgangur ferðarinnar var að heimsækja hin ýmsu söfn og fræðast um starfsemi þeirra á sviði varðveislu og miðlunar. Meðal þeirra staða sem starfsfólkið sótti heim voru Borgarsögusafn Reykjavíkur, Þjóðminjasafn Íslands, Byggðasafnið í Görðum Akranesi, sýning Náttúruminjasafns Íslands í Perlunni, Hönnunarsafn Íslands, jarðhitasýning í Hellisheiðarvirkjun, nýtt varðveisluhús Byggðasafns Árnesinga og hönnunarfyrirtækið Gagarín. Þrátt fyrir að búið væri að aflétta öllum sóttvarnartakmörkunum náði covid-19 að setja strik í reikninginn hjá nokkrum ferðalöngum. Ferðin var engu að síður vel heppnuð og alls staða fékk hópurinn afar góðar móttökur.



Hluti hópsins í heimsókn í varðveisluhúsnæði Byggðasafns Árnesinga. Frá vinstri: Beata Brodowska, Lilja Árnadóttir, Lýður Pálsson, Pétur Sörensson, Haraldur Björn Haraldsson, Jónína Brynjólfssdóttir og Eyrún Hrefna Helgadóttir.

13.3 Námskeið í myndatöku og vinnslu á þrívíðum myndum



Catherine Cassidy sýnir þátttakendum á námskeiðinu réttu handtökin við myndatöku og vinnslu á þrívíðum myndum. Mynd: EGB:

Á vormánuðum bauðst safnafólki á Austurlandi að sækja námskeið í myndatöku og vinnslu á þrívíðum myndum af safngripum til að nýta í miðlun. Námskeiðið fór fram í Minjasafni Austurlands en var haldið að frumkvæði Gunnarsstofnunar á Skriðuklaustri. Leiðbeinandi var Catherine Cassidy frá St. Andrews háskólanum í Skotlandi en skólinn hefur átt í margvíslegu samstarfi

við Gunnarsstofnun um árabíl sem hefur leitt af sér fjölbreytt og áhugaverð miðlunarverkefni. Catherine leiddi þátttakendur í allan sannleikann um þá möguleika

sem þessi tegund miðlunar býður upp á auk þess að kenna viðstöddum réttu handtökin við þrívíddarljósmyndun. Það er afar dýrmætt að fá slíkt tækifæri til að læra af sérfræðingum á þessu sviði og það verður spennandi að sjá hvernig þekkingin mun nýtast í miðlun á austfirskum menningararfi í framtíðinni.

13.4 Aðild að félögum

Minjasafnið var áfram aðili að Félagi Íslenskra safna og safnmanna (FÍSOS) og safnstjóri sat í stjórn þess. Þá var safnið einnig áfram aðili að Þjónustusamfélaginu á Héraði en það eru samtök stofnana, fyrirtækja og ferðaþjónustuaðila á svæðinu sem hafa það markmið að efla upplýsingagjöf og þjónustu við íbúa og ferðamenn. Safnið var einnig áfram í Félagi um sögutengda ferðaþjónustu en samtökin eru samráðsvettvangur aðila sem stunda söguferðaþjónustu á Íslandi, einkum hvað varðar markaðssetningu, gæði og fagmennsku.

13.5 Ljósmyndasafn Austurlands

Safnið var áfram aðili að Ljósmyndasafni Austurlands sem er sérstök deild innan Héraðsskjalasafns Austfirðinga og hefur það umsjón með rekstri þess og verkefnum. Ljósmyndasafnið geymir í kringum 80 þúsund myndir en allar ljósmyndir sem berast Minjasafninu eru varðveittar þar. Minjasafnið veitir fé til reksturs Ljósmyndasafnsins að einum þriðja á móti Héraðsskjalasafninu og Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi.

14. Lokaorð

Hér hefur verið stiklað á stóru um starfsemi Minjasafns Austurlands á árinu 2022, árinu sem heimsfaraldrinum langa lauk, samkomutakmarkanir heyrðu sögunni til og hjólin fóru aftur að snúast með nokkuð eðlilegum hætti. Sýninga- og viðburðahald komst aftur í eðlilegt horf svo og safnfræðslan sem var einkar ánægjulegt. Gestagangurinn jókst einnig til muna með öllum þeim verkefnum sem því fylgir. Meðfram þessu var áfram unnið að skráningu og varðveislu safnkosts safnsins og þannig hlúð að þeirri stoð sem allt annað starf safnsins byggir á

Framundan eru tímamót hjá safninu en á næsta ári verða liðin 80 ár frá því að það var formlega stofnað á fundi á Hallormsstað. Afmælið mun lita dagskrá safnsins og ýmislegt gert wtil að vekja athygli á afmælinu og starfi safnsins undanfarin 80 ár.